

Emilía Ak-57 útgerð ehf.
Kt.: 470302-2750
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 23.03.2023
Tilv. 2022-06-16-1770

Efni: Ákvörðun um sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni. Skil aflaupplýsinga. Emilía AK-57 (2367).

I. Málsvik

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar ætluð brot skipstjóra fiskiskipsins Emilía AK-57, skipaskrárnúmer 2367, gegn reglugerð nr. 298/2020 um skráningu og (rafræn) skil aflaupplýsinga. Málið hófst með skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu frá 16. júní 2022 þar sem fram kemur að aflaupplýsingar hafi ekki borist til Fiskistofu áður en skipið lagði að bryggju í tilgreind skipti á tímabilinu 3. apríl til 9. júní 2022. Við nánari athugun við meðferð málsins kom í ljós að eftirfarandi daga á árinu 2022 hafa aflaupplýsingar ekki borist Fiskistofu áður en skipið lagði að bryggju, svo sem mælt var fyrir um í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 298/2020 fyrir reglugerðarbreytingu 5. apríl 2022, og síðar í 1. mgr. 4. gr. sbr. 3. gr. sömu reglugerðar: 3., 7., 8., 13. og 19. apríl, 16. maí, 8., 9., 20. og 27. júní, 4., 5., 11., 13., 14., 18., og 19. júlí, 15., 16., 18., 22., 24., 25., 26., 27. og 31. ágúst, 2., 3., 4., 5., 6., 7., 9., 11., 13., 15., 17., 22., 26. og 27. september, 6., 7., 10., 13., 17., 26., 27. og 30. október, 4., 6., 7., 14., 16., 18., 22. og 25. nóvember. **Samtals fimmtíu og sex (56) veiðiferðir, þar sem aflaupplýsingar hafa ekki borist Fiskistofu.**

Þá var aflaupplýsingum skilað of seint er varða veiðiferðir eftirfarandi daga árið 2022: 29. mars var skilað 21. júní, 21. og 22., apríl var skilað 20. maí, 25. apríl var skilað 2. maí, 28. október og 1. nóvember var skilað 3. nóvember, 9. og 11. nóvember var skilað 14. nóvember, og 26. nóvember var skilað 28. nóvember 2022. **Samtals nú (9) skipti sem aflaupplýsingar bárust Fiskistofu of seint.**

Vísað er til þess að þann 23. desember 2021 var þáverandi útgerð fiskiskipsins, Mar útgerð ehf., sent bréf (tilv. 2021-12-23-2966) og leiðbeint um þá misbrestir sem voru á skilum rafrænnar afladagbókar á tímabilinu 12. nóvember til 21. desember 2021 og þá skyldu sem hvílir á skipstjóra skv. ákvæðum reglugerðar nr. 298/2020. Þrátt fyrir það urðu áfram misbrestir á skilum rafrænnar afladagbókar fyrir landanir skipsins sem bárust ekki Fiskistofu í fimmtán aðgreind skipti dagana 3., 4., 15., 19., 24., 26. og 29. janúar, 1., 3., 6., 10., 12., 17. og 18. febrúar og 20. mars árið 2022.

Eins og áður segir var fiskiskipið í eigu Mar útgerð ehf., kt. 530516-0160, en málsaðili, Emilía Ak-57 útgerð ehf., kt. 470302-2750 eignaðist skipið þann 29. mars 2022. Lögskráður skipstjóri í veiðiferðum skipsins á tímabilinu 3. janúar til 17. maí 2022 var B, kt. [...] en frá þeim tíma sonur hans, S, kt. [...], sem er 33,33% eigandi í Mar útgerð ehf. og skráður varamaður í stjórn þess félags. B er 100% eigandi málsaðila, Emilía Ak-57 útgerð ehf. Málsaðili eignaðist skipið fyrst 14. júní 2007 allt þar til Mar útgerð ehf. eignaðist það 11. júlí 2017. Eftir það eignaðist málsaðili aftur skipið 19. desember 2017. Þann 1. júlí 2021 eignaðist svo Mar útgerð ehf. aftur skipið áður en það var aftur selt til málsaðila þann 29. mars á þessu ári eins og áður hefur komið fram. Allir eigendur Mar útgerðar ehf. og eigandi málsaðila, eru tengdir fjölskylduböndum. Hefur skipið gengið milli tengdra félaga í nokkur skipti og sést hér í töflu að neðan:

Útgerð og eigandi:	Kt.:	Eignarheimild dags.:
Emilía Ak-57 útgerð ehf.	4703022750	14.6.2007
Mar útgerð ehf.	5305160160	11.7.2017
Emilía Ak-57 útgerð ehf.	4703022750	19.12.2017
Mar útgerð ehf.	5305160160	1.7.2021
Emilía Ak-57 útgerð ehf.	4703022750	29.3.2022

Með hliðsjón af framangreindu kemur til skoðunar hvort talið verði að málsaðili hafi verið grandsamur um þá misbrestir sem voru á skilum rafrænnar afladagbókar á meðan skipið var í eigu Mar útgerð ehf.

II. Athugasemdir málsaðila

Vísað er til erindis Fiskistofu, dags. 2. desember 2022 (tilv. 2022-06-16-1770), vegna meintra brota skipstjóra Emilía AK-57 (2367). Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Þann 7. desember 2022 bárust athugasemdir í tölvupósti frá B framkvæmdastjóra Emilía AK-57 útgerð ehf. Í þeim gekkst málsaðili við þeim misbrestir sem orðið hafði á skilum og skráningu aflaupplýsinga sem tilgreindar eru. Vegna afskiptaleysis Fiskistofu hefði hann talið að honum bæri ekki að skila aflaupplýsingum. Málsaðili bar einnig fyrir sig öryggissjónarmiðum við stjórn og siglingu skipa, en skipstjóri ætti erfitt um vik með að sinna þeirri skyldu sinni að senda frá sér aflaupplýsingar, áður en í land væri komið, eins og gerður er áskilnaður um í 4. gr. reglugerðar nr. 298/2020. Varla vildi Fiskistofa vera ábyrg fyrir því að bátur sigli í strand eða á annan bát og vísaði í því samhengi að notkun farsíma væri bönnuð við stjórn ökutækja. Þess í stað hafi málsaðili sent aflaupplýsingar eftir að hann komi heim til sín á kvöldin og kvaðst ekki hafa fengið athugasemd við þá framkvæmd frá Fiskistofu. Hvað varðaði þau eigendaskipti sem orðið hafa á skipinu sagði málsaðili það hafa verið gert til að losa makríl veiðiheimum af skipinu.

III. Lagagrundvöllur

Samkvæmt þágildandi ákvæði 4. mgr. 9. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 sagði að skipstjórar fiskiskipa skyldu halda sérstaka afladagbók. Í 1. mgr. 17. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 var sama skylda lögfest fyrir skipstjórnarmenn veiðiskipa sem hlotið höfðu veiðileyfi í atvinnuskyni. Með lögum nr. 85/2022, um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (eftirlit Fiskistofu o.fl.), sem tóku gildi frá og með 14. júlí 2022, var ákvæði 1. mgr. 17. gr. laga nr. 116/2006 fellt brott og orðalag ákvæði 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 breytt og er nú svohljóðandi: Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hafa veiðileyfi í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, eða sérveiðileyfi, skulu senda aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu áður en veiðiferð lýkur. Í þágildandi reglugerð um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga nr. 298/2020, sem sett var með stöðum í fyrrgreindum lögum, var kveðið nánar um þær upplýsingar sem skráðar skyldu í afladagbækur, form þeirra og skil til Fiskistofu. Aflaskráningu skyldi vera lokið og aflaupplýsingar sendar til Fiskistofu með rafrænum hætti áður en skip hafði lagst að bryggju að lokinni veiðiferð sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Í núgildandi reglugerð um skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 298/2020, sem tók gildi 5. apríl 2022, segir nú í 1. mgr. 4. gr. að skipstjóri skuli senda upplýsingar samkvæmt 3. gr. til vefþjónustu Fiskistofu áður en skipi er lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni veiðiferð. Brot á umræddri reglugerð varðar viðurlögum í formi áminninga og sviptingu veiðileyfa, annars vegar skv. 1. mgr. 17. gr. sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006 sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996 fyrir gildistöku laga nr. 85/2022, en hins vegar skv. 4. mgr. 9. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eftir gildistöku laga nr. 85/2022. Í 3. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna



sjávar segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að skipstjóri fiskiskipsins Emilía AK-57 (2367) skilaði ekki aflaupplýsingum í fimmtíu og sex (56) aðgreind skipti og í níu (9) skipti til viðbótar skilað þeim of seint, á um átta mánaða tímabili, frá 3. apríl til 25. nóvember 2022. Í athugasemdum vísaði málsaðili til þess að lögskráðir skipstjórar í umrædd skipti á strandveiðitímabilinu 2022 hafi ekki sent afladagbók en Fiskistofa hafi ekki brugðist við. Af þeim sökum hefði hann talið að honum bæri ekki að skila aflaupplýsingum og taldi því ástæðulaust að senda afladagbók þegar Emilía AK-57 (2367) hóf veiðar með gildrum eftir að strandveiðum lauk. Hvað þetta atriði varðar vísar Fiskistofa til símtala starfsmanna Fiskistofu við framkvæmdastjóri málsaðila, B, annars vegar 20. maí 2022 og hins vegar 18. og 19. október sama ár. Í bæði skipti var málsaðila leiðbeint um skyldu skipstjóra til skila á aflaupplýsingum áður en skip er lagt að bryggju og brýnt fyrir málsaðila að fara í hvívetna að lögum og reglum um skil aflaupplýsinga. Þann 19. október 2022 tjáði B, starfsmanni Fiskistofu að það væri „prinsipp mál“ að skila ekki aflaupplýsingum til Fiskistofu. Umrædd skil tækju allt of langan tíma og væri bara bull. Það sama gildi um sérveiðileyfi hans. Þess í stað ætti Fiskistofa frekar að hrósa honum og láta hann afskiptalausán með sitt.

Þá vísar Fiskistofa jafnframt til erindis sem sent var þáverandi útgerð skipsins þann 23. desember 2021 (tilv. 2021-12-23-2966) og vísað er til í málsatvikum. Þrátt fyrir það urðu áfram misbrestir á skilum rafrænnar afladagbókar fyrir landanir skipsins sem bárust ekki Fiskistofu í fimmtán aðgreind skipti á meðan það var enn í útgerð Mar útgerð ehf. dagana 3., 4., 15., 19., 24., 26. og 29. janúar, 1., 3., 6., 10., 12., 17. og 18. febrúar og 20. mars árið 2022. Eins og fram kemur í málsatvikum var B, framkvæmdastjóri og 100% eigandi málsaðila, lögskráður skipstjóri í veiðiferðum skipsins á tímabilinu 3. janúar til 17. maí 2022, þ.m.t. á því tímabili sem skipið var í útgerð Mar útgerð ehf., en frá þeim tíma sonur hans, S, kt. [...], sem er 33,33% eigandi í Mar útgerð ehf. og skráður varamaður í stjórn þess félags. Af framangreindu er það mat Fiskistofu að B hafi verið grandsamur um þá misbrestir sem urðu á skilum aflaupplýsinga fiskiskipsins Emilía AK-57 (2367) á meðan það var í útgerð Mar ehf. og síðar í útgerð málsaðila, enda hafi hann verið skipstjóri skipsins á tilgreindu tímabili (3. janúar til 17. maí 2022). Eru tengsl félaganna og staða B, sem skipstjóri hjá Mar útgerð ehf. og sem eigandi og skipstjóri hjá málsaðila, með þeim hætti að B verður talinn grandsamur um erindi Fiskistofu þann 23. desember 2021. Með vísan til framangreinds erindis og símtala við B, fellst Fiskistofa ekki á röksemdir málsaðila um að Fiskistofa hafi ekki brugðist við vanskilum skipstjóra á aflaupplýsingum skipsins.

Þá vísaði málsaðili til öryggissjónarmiða við stjórn og siglingu skipa og vísaði í því samhengi til þess að notkun farsíma væri bönnuð við stjórn ökutækja. Fiskistofa fellst ekki á þessi sjónarmið málsaðila. Notkun farsíma er ekki bönnuð við stjórn og siglingu skipa samkvæmt íslenskum lögum. Skipstjóri skal hins vegar sjá til þess að skipi sé stjórnað og með það farið í samræmi við góðar venjur og kunnáttu í siglingum og sjómennsku, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Það er á ábyrgð skipstjóra að haga siglingu skips á þann hátt sem góð sjómennska krefst, meðal annars með tilliti til siglingu á öruggri ferð, skyggnis, fjölda skipa á ferð og fleiri þátta sem skipstjóra ef eftirlátið að meta. Ef skipstjóri getur ekki vegna tæknilegra örðugleika eða annara atvika, s.s. bilunar, skilað aflaupplýsingum áður en skip er lagt að bryggju, skal skipstjóri tilkynna Fiskistofu um það svo fljótt sem verða má. Fiskistofu bárust hvorki tilkynningar um bilun í rafrænni afladagbók eða hugbúnaði/vefþjónustu Fiskistofu né undirritaðar aflaupplýsingar, eins og kveðið er á um í tíðnefndri reglugerð nr. 298/2020 vegna þeirra veiðiferða sem undir eru í máli þessu.

Málsatvik eru óumdeild og ekki uppi vafi um hina meintu háttsemi enda byggja umrædd brot á gögnum, og hvort þeim sé skilað eða ekki. Ekkert hefur komið fram í málinu sem leitt getur til

Þess að skýrsla veiðieftirlitsmanns sé dregin í efa, né hefur málsaðili véfengt málsatvik eins og þeim er lýst að framanverðu. Þvert á móti gekkst málsaðili við þeim misbresti sem varð á skilum aflaupplýsinga fiskiskipsins Emilía AK-57 (2367) í athugasemdum sínum. Markmið málsmeðferðar Fiskistofu er að leiða hið sanna og rétta í ljós. Að mati stofnunarinnar telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til málsatvika og eðli brota, athugasemda málsaðila, gagna málsins, og alls þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að skipstjórar fiskiskipsins Emilía AK-57 (2367) hafi ekki sinnt skyldu sinni til skila á aflaupplýsingum og þar með brotið gegn reglugerð nr. 298/2020, í þau tilgreindu skipti sem að framan greinir.

Vanskil og ónákvæm skráning á rafrænum aflaupplýsingum fyrir 5. apríl 2022 varða við 2. mgr. 4. gr. sbr. 7. gr. þágildandi reglugerðar um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga nr. 298/2020, sbr. 17. gr. sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006, sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996. Vanskil og ónákvæm skil aflaupplýsinga frá 5. apríl 2022 varða við 1. mgr. 4. gr. sbr. 7. gr. núgildandi reglugerðar um skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 298/2020, sbr. 4. mgr. 9. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996.

Í 3. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Í þessu máli er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér sparnað útgjalda fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, við að skila ekki inn aflaupplýsingum og komist þar með hjá með greiðslu gjalds skv. gjaldskrá Fiskistofu sem í gildi var á umræddu tímabili. Samkvæmt henni nam kostnaður fyrir úrvinnslu aflaupplýsinga á rafrænu skráningarformi 898 kr. fyrir hvern dag en 2.050 kr. fyrir úrvinnslu á pappírformi. Með vanskilum sínum er því ljóst að málsaðili kom sé undan greiðslu gjalds, vegna úrvinnslu aflaupplýsinga í 56 skipti, sem nam a.m.k. 50.288 kr. og allt að 114.800 kr. Sparnaður útgjalda málsaðila var því þó nokkur með hliðsjón af fjölda brota. Þær reglur sem í gildi voru á hverjum tíma og sem vísað er til í kafla III., í lögum nr. 116/2006 og lögum nr. 57/1996, sem og í reglugerð nr. 298/2020, eru skýr og fortakslaus hvað varðar skyldu og ábyrgð skipstjóra á skilum aflaupplýsinga til Fiskistofu áður en skip er lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni veiðiferð. Sú áhersla sem löggjafinn leggur á þetta kemur fram í texta ákvæðanna og lögskýringagögnum. Aflaupplýsingar eru grundvöllur veiðieftirlits Fiskistofu og til annarra verkefna sem varða stjórnun fiskveiða. Aflaupplýsingar er jafnframt veigamiklar upplýsingar til Hafrannsóknastofnunar sem nýttar eru í mikilvægum vísindalegum tilgangi. Jafnframt eru aflaupplýsingar mikilvægar fyrir vottun útfluttra íslenskra sjávarafurða þar sem fram á að koma skráning á meðafla, s.s. sjávarspendýr og fuglar.

Við mat á því hvort að um meðvituð gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til háttsemi skipstjóra í umræddum veiðiferðum og til þeirrar staðreyndar að málsaðili og skipstjóri á hverjum tíma bera ábyrgð á því að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við gildandi lög og reglur. Þá lítur Fiskistofa til fyrri leiðbeininga og aðvarana til málsaðila og fyrri útgerðar við mat á ásetningsstigi og alvarleika brota. Málsaðili er útgerð sem stundar fiskveiðar í atvinnuskyni. Það er því á hans ábyrgð, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út. Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Að mati Fiskistofu er um alvarleg og

endurtekin ásetningsbrot skipstjóra að ræða. Brotin eru 65 talsins og ná yfir langt tímabil (átta mánuðir). Að mati Fiskistofu var málsaðili grandsamur um að skipstjóri væri að brjóta lög í öll umrædd skipti. Í stað þess að koma skilum aflaupplýsinga í lögmætt horf skeytti málsaðili engu um leiðbeiningar og afskipti Fiskistofu, sem eykur verulega á saknæmi brotanna. Samskipti forsvarsmanns málsaðila við Fiskistofu í október 2022 gáfu til kynna einbeittan brotavilja hans og andúð til þeirra laga og reglna sem gilda um skil á aflaupplýsingum og afstöðu hans þess efnis að hann ætlaði sér ekki að fara að lögum að breyttu breytanda. Þess í stað hélt hann uppteknum hætti og lét áfram hjá líða að skila aflaupplýsingum í trássi við skýra skyldu skipstjóra í lögum og reglugerð nr. 298/2020. Með hliðsjón af framangreindu eru brot málsaðila að mati Fiskistofu meiriháttar og framin að yfirlögðu ráði. Við mat á viðurlögum í máli þessu telur Fiskistofa því ekki koma til greina að áminna málsaðila. Þá eru engin fyrri brot sem hafa ítrekunaráhrif í máli þessu. Þó koma fyrri afskipti til skoðunar við saknæmis- og alvarleikamat. Af þeim sökum og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins, þykja hæfileg viðurlög vera svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni í fjórar (4) vikur.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið Emilía AK-57 (2367), leyfi til veiða í atvinnuskyni í fjórar vikur (28 daga) frá og með 20. apríl og til og með 17. maí 2023 skv. 1. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 sbr. 24. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. fyrrnefndu laganna.

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996 og 24. gr. laga nr. 116/2006. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.

